

Ágæti eigandi/umráðamaður búfjár

Samkvæmt upplýsingum Matvælastofnunar ert þú skráður eigandi búfjár og því er bréf þetta sent. Í samræmi við lög um búfjárhald nr. 38/2013 skulu umráðamenn búfjár árlega skila inn haustskýrslu fyrir **20. nóvember** um búfjáreign, fóður og eftir atvikum landstærðir. Matvælastofnun biður þig vinsamlegast að kynna þér vel þær leiðbeiningar sem hér eru gefnar um skráningu og skil haustskýrslu búfjár 2015. Nánari upplýsingar um skráningu haustskýrslu má að auki nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar **www.mast.is**.

Vakin er athygli á að eingöngu er unnt að skila haustskýrslu á rafrænu formi.

Aðgangur að haustskýrslu er á síðunni **www.bustofn.is**

Aðgengi er fengið með rafrænum lykli (**Íslykill**) og opnast aðgangur þegar kennitala og lyklnúmer hafa verið skráð. Íslykill er gefinn út af Þjóðskrá og er lykilorð hans tengt kennitölu einstaklings eða lögaðila. Hafi ekki verið sótt um Íslykil er hægt að gera það eftir að aðgangur að skýrslu hefur verið ræstur með hnappnum sem hér er sýndur og er á forsíðu Bústofns (www.bustofn.is). Íslykil er hægt að fá sendan í heimabanka og tekur það um 5 -10 mínútur. Eins er hægt að fá hann sendan í bréfpósti og tekur það 4-6 virka daga. Nánari upplýsingar um Íslykil má nálgast á síðunni www.island.is.



Skráningarhnappur sem sýndur er á forsíðu Bústofns.

Óskað er eftir að umráðamenn búfjár geri viðvart ef um ranga skráningu í gagnagrunninum **Bústofn** er að ræða. Nýskráningu umráðamanns búfjár eða breytingar umráðamanna skal tilkynna dýraeftirlitsmanni hjá Matvælastofnun. Sama á við um aðrar athugasemdir og eða beiðnir um leiðréttingar. Upplýsingar um starfandi dýraeftirlitsmenn má nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar. Ábendingum eða leiðréttingum má einnig koma á framfæri á netfangið **mast@mast.is**

Þeir sem þurfa aðstoðar við vegna rafrænna skila stendur til boða þjónusta Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins RML við skil á haustskýrslu. Hafa má samband við RML í síma 516-5000 eða með tölvupósti á netfangið **rml@rml.is**

Athygli er vakin á að eingöngu er einn umráðamaður búfjár skráður á hvert búsnúmer þó fleiri búfjáreigendur geti verið skráðir undir sama búsnúmeri.

Skila skal haustskýrslu eigi síðar en 20. nóvember n.k.

Bent er á að sé haustskýrslu ekki skilað innan ofangreinds frests skal Matvælastofnun framkvæma skoðun hjá viðkomandi umráðamanni á hans kostnað.